

Búnaðarstefna Sveitarfélagsins og Búnaðarsambands Austur-Skaftafellssýslu

i. Inngangur

Þrátt fyrir fámenni og strjálbýli er stundaður fjölbreyttur landbúnaður í sveitum. Aldur bænda hækkar og framleiðslan þjappast saman. Með aukinni þekkingu og hlýrra loftslagi skapast tækifæri sem ekki var hægt að nýta áður. Niðurstaðan úr tilraunarækt á olíufræjum ber þess merki. Stefna þessi er unnin í samvinnu við bændur í gegnum Búnaðarsamband Austur - Skaftafellssýslu.

ii. Framtíðarsýn

Stuðla að sjálfbærri þróun í sveitarfélaginu

- Auka nýliðun í landbúnaði
- Treysta byggð í sveitarfélaginu öllu
- Auka virði landbúnaðarframleiðslu
- Bæta afkomu íbúa í sveitum

iii. Markmið

Styrkja enn frekar félagslegan grunn til sveita

Mikilvægt er að hlúa að félagsstarfi bænda og samheldni í þeirra röðum m.a. með fundum um sameiginleg málefni, áhugaverð verkefni, fræðslu og fleira í þeim dúr. Mikilvægt er að vanmeta ekki þennan þátt því mörg samfélög riða til falls vegna óeiningar og vangetu til að kljást við álitamál. Markmiðið er ekki að allir verði sammála heldur að skapa aðstæður fyrir fólk og þjálfa í að leiða hluti áfram þó að stundum þurfi að gera það í ágreiningi

Leiðir:

1. Stöðugt þarf að bæta grunnþjónustuna gagnvart barnafólki, varðandi leikskólamál og félagsstarf hjá eldri börnum. Jafnframt að tvinnna tómstundir og íþróttir við skólastarfið til að auðvelda börnum til sveita að taka þátt í því.
2. Auka þátttöku íbúa í dreifðum byggðum í nefndum og ráðum hjá sveitarfélaginu. Hér þarf að skoða fundartíma og ferðakostnað. Að árlega verði fundur með bæjarstjórn Hornafjarðar um málefni landbúnaðar og öðru er tengist dreifðum byggðum.

3. Hlúa að félagasamtökum til sveita.
4. Stuðla að viðburðum og uppákomum til sveita. Nýta betur félagsheimilin í sveitum til menningarviðburða á vegum sveitarfélagsins t.d. með því að heimila íbúum og félagasamtökum í sveitunum ákveðinn afnotarétt af félagsheimilum sér að kostnaðarlausu.

Auka framboð á menntun og stuðla að stöðugum lærdómi meðal íbúa

Aukin nýsköpun verður ekki nema með aukinni færni fólks. Menntun og lærdómur getur orðið með margvíslegum hætti, bæði með formlegu námi í skólum eða með námskeiðum, starfsþjálfun, heimsóknnum á aðra staði, ráðstefnum og fleira. Með menntun verður til aukin færni, sjálfstraust vex

Leiðir:

1. Stórbæta fjarskiptasamband til sveita.
2. Kanna kosti þess að auka aðgengi að menntun ýmiskonar fyrir fólk í dreifbýlinu í samvinnu við FAS og Háskóla. Gæta jafnræðis í menntun og tómstundum óháð búsetu í sveitarfélaginu. Að reyna í auknum mæli að nýta tækni (tölvur, fjarfundabúnað o.s.frv.) til að börn geti iðkað menntun og tómstundir til jafns við aðra íbúa sveitarfélagsins. Bjóða upp á nám í gegnum fjarfundarbúnað eða tölvu til að auka aðgengi að náminu.
3. Halda styttri námskeið út í sveitum um margt er tengist búskapi, rekstri, heilbrigði dýra, ræktunarstarfi o.s.frv. Þetta er í gangi á vegum endurmenntunar Lbhí, en bændur nýta það ekki nægilega mikið.

Rannsóknir og þróun

Efla rannsóknir á sviði landbúnaðar í Austur-Skaftafellssýslu. Til dæmis er mikilvægt að halda áfram rannsóknum og tilraunum á kornrækt, hvernig nýta megir úrgang til landbúnaðarnotkunar, hvernig efla megir lífrænan búskap, og rannsaka hvernig nýta megir land til ræktunar á lífrænum orkugjöfum.

Leiðir

1. Kortleggja landgæði í sveitarfélaginu með það markmið að skipuleggja nýtingu og ræktun landsins enn betur
2. Efla tilrauna rækt og úrvinnslu á korni og repju, bæði til að draga úr kjarnfóðurskostnaði og til að nýta í manneldi.
3. Efla matvælarannsóknir og möguleika til að auka virði þeirra.
4. Halda áfram jarðhitarannsóknnum.
5. Stuðla að lausn mála vegna ágangs álfta, gæsa og hreindýra í ræktarlönd bænda svo hægt sé að hámarka uppskeru. Ljóst er að bændur verða fyrir gríðarlegu tjóni vegna þessa og þurfa að kosta mikið til að verjast þessum dýrum.

Nýsköpun

Stórefla nýsköpun m.a. með því að stefna að fullvinnslu afurða í enn meira mæli, tryggja rekjanleika, aðstoða bændur í að skap nýjar lausnir í orkunotkun.

Leiðir

1. Efla matarsmiðju Matís með það að markmiðið að hægt verði að framleiða fleiri vörflokka en nú er möguleiki.
2. Unnið verði að því að koma á samstarfi milli B.Í , Ráðgjafamiðstöð Landbúnaðarins (RML), Sveitarfélagsins, Framleiðnisjóðs og Búnaðarsambandsins um ráðningu ráðunauts með búsettu í sveitarfélaginu sem m.a. myndi taka þátt í að fylgja eftir búnaðarstefnu.
3. Koma upp aðstöðu til kornþurrkunar
4. Þróa nýja valkosti í orkumálum og draga þannig úr kostnaði.
5. Berjast fyrir betra rekstrarumhverfi til dæmis með niðurgreiðslum á raforkukostnaði í dreifbýli.
6. Koma af stað verkefni sem hefur að markmiði að gera rekstur sjálfbærari með eldsneyti og kjarnfóður.
7. Efla það starf sem vel er gert nú þegar til sveita.

Samgöngur og umhverfismál

1. Tryggja góðar samgöngur að bæjum og ferðamannastöðum. Jafnframt að tryggja salernisaðstöðu með ákveðnu millibili fyrir ferðamenn.

2. Umhverfis- og sorpmál: Að núverandi kerfi í sorpmálum verði endurskoðað og gerðar nauðsynlegar úrbætur á því m.t.t. rúlluplast, áburðarpoka og endurvinnslu. Jafnframt að stuðla að átaki í umhverfismálum til sveita til að fegra sveitirnar.

Samþykkt í bæjarráði 4. nóvember 2013

Lagt fram til samþykktar í bæjarstjórn 7. nóvember 2013

Ásgerður Kristín Gyldfadóttir, Bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Eiríkur Egilsson, Formaður Austur Skaftafellssýslu